

Störfuðu saman í aldarþriðjung

Pétur Skarphéðinsson og Gylfi Haraldsson heilsugæslulæknar láta af störfum í Laugarási í Biskupstungum

■ ■ ■ Pröstur Haraldsson

Fyrir ríflega 30 árum voru þeir Pétur Skarphéðinsson og Gylfi Haraldsson nýkomnir heim frá sérnámi í heimilislækningum í Svíþjóð. Hér heima var verið að breyta þjónustu heimilislækna og flytja hana úr einkastofum inn í heilsugæslustöðvar sem spruttu upp eins og gorkúlur. Störfín voru þó ekki á hverju strá en árið 1983 losnar önnur lækniastaðan við heilsugæslustöðina í Laugarási í Biskupstungum, sem Pétur fékk, og rúmu ári síðar losnaði hin staðan sem Gylfi fékk. Þarna hafa þeir starfað saman þar til nú um áramótin að þeir fóru báðir á eftirlaun.

Raunar gekk það ekki alveg þrautalaust fyrir sig að draga sig í hlé því heimamenn héldu þeim eina herlega kveðjuveislu þar sem hundruð manna þökkðu þeim farsæl störf og góða viðkyrningu. Nú eru þeir þó fluttir á mölina og búnir að koma sér fyrir á höfuðborgarsvæðinu, Gylfi í Sjalandshverfinu í Garðabæ og Pétur í vesturbæ Kópavogs.

Tveir læknar á einum stól

Útsendari *Læknablaðsins* hitti þá féлага í Kópavoginum og ræddi við þá um ferilinn og hvernig samstarfið gekk. Fór alltaf vel á með þeim?

– Já, við höfðum vit á því að vera ekkert að deila. Við þekktumst lítillaga úr læknadeildinni og vorum ekki langt hvor frá öðrum í Svíþjóð, Pétur í Borås og Gylfi í Helsingborg. Við komum okkur upp ákveðnu skipulagi frá fyrsta degi og því var ekki hnikað meðan við vorum þarna. Fastar reglur og ekkert vesen. Svo vorum við líka heppnir með starfsfólk, hjúkrunarfræðingar og aðrir starfsmenn entust vel og lengi, segja þeir.

Laugaráshérað var myndað út úr Grímsneslæknishéraði sem hafði verið stofnað um aldamótin 1900. Það sem réði þeirri skiptingu voru ekki hvað síst

samgöngur en þá voru fæstar ár brúaðar og læknar og aðrir vegfarendur ferjaðir yfir Hvítá. Fyrsti læknirinn var Skúli Árnason sem hafði búseturétt í Skálholti og bjó þar fram til 1920. Þegar hann lét af störfum komu upp einhver vandræði með búsetumál læknisins en upp úr því kaupa sveitarfélögin á svæðinu Laugarásjörðina. Svæðið er ansi víðfeðmt því það nær vestan frá Sogi og austur að Þjorsá og frá Hveravöllum niður að hringvegnum. Í upphafi voru sveitarfélögin 7 en nú eru þau fjögur. Læknar hafa verið nokkuð þaulsetnir þar en árið 1966 var byggt íbúðarhús fyrir lækni með móttöku. Tveimur árum síðar var ráðist í að stækka móttökuna og byggja annað íbúðarhús því svo var orðið annasamt að einn læknir dugði ekki.

– Þegar við komum til starfa var þarna 117 fermetra heilsugæslustöð með móttöku fyrir einn lækni. Stækkun móttökunnar var nú hálfmisheppnuð því hún nýttist aldrei nema fyrir einn lækni. Hinn læknirinn þurfti því að finna sér eitthvað annað að gera en sinna móttöku sjúklinga. Það var svo sem nóg að gera í vitjunum og þjónustu við skólana, auk þess sem við vorum um nokkurt skeið læknar fangelsisins á Litla-Hrauni. Svo bættust við virkjanir uppi á hálendinu og fleira. Við sinntum Sólheimum í Grímsnesi og elliheimilinu að Blesastöðum á Skeiðum sem var lokað í haust.

Öflugur rekstur

Nú starfa í Laugarási hjúkrunarfræðingar í hálfri þriðju stöðu, tveir læknar, læknaritari, móttökuritari og ljósmóðir í hlutastarfi. Þetta hefur verið svipað frá því Pétur og Gylfi hófu þar störf.

– Þetta var nokkuð öflugur rekstur hjá okkur þótt stöðin væri lítil því við vorum með meinatækni, hjúkrunarfræðing,

ljósmóður, ritara og annað sem þurfti til reksturs á einni heilsugæslustöð. Laugarás var fyrsta heilsugæslustöðin sem tók upp leit að brjóstakrabbameini. Það hófst skömmu eftir að við komum austur, þá fengum við myndavél til að sinna þeirri leit. Við gerðum ýmislegt þó við værum í svona litlu húsnæði. Við vorum heppnir með að félagsamtök voru dugleg að gefa okkur tæki. Það var erfiðast að fá stjórnvöld til að byggja, þar var þungt fyrir fæti, segja þeir.

Aðstaðan var hins vegar ekki nógu góð í Laugarási svo það var reynt að vinna því fylgi að stækka hana. Það tókst og árið 1997 gátu þeir flutt inn í nýja stöð. Þá jókst fermetrafjöldinn úr 117 í 450. Þar voru stólar fyrir þá báða svo þeir gátu hætt að sinna föngunum á Hrauninu. Samkvæmt reglugerð var ráð fyrir því gert að tannlæknir starfaði í stöðinni. Það fékkst náttúrulega enginn tannlæknir til starfa svo plássið hans var autt til að byrja með, en fljótlega tókst þó samkomulag um að félagsþjónustan í uppsveitum Árnessýslu nýtti húsnæðið. Þar var og er félagsráðgjafi að störfum á skrifstofu.

– Það er gott kompaní því félagsþjónusta og heilsugæsla eiga margt sameiginlegt, svo sem umönnun aldraðra og fleira.

Vegirnir upp og ofan

Samgöngur hafa í tímans rás haft töluverð áhrif á skipan læknishéraða, eins og áður segir, og til skamms tíma hefur vegasambandið verið dálítið erfið.

– Vegirnir liggja mest upp og niður en ekki þversum. Það hefur þó skánað töluvert með tilkomu brúar og vegasambands milli Reykholts og Flúða. Tvær ástæður voru á sínum tíma fyrir því að Laugarásjörðin var keypt: þar var jarðhiti og auk þess var jörðin í miðju héraði. Í upphafi voru ferjur yfir Hvítá, bæði yfir á Skeið



Laugaráslæknarnir
Pétur og Gylfi hætta
störfum í heilsugæsl-
unni. Mynd Ívar
Sæland.

og austur í Auðsholt. Það var ekki brúað við Iðu fyrr en 1957, fram að því þurftu læknarnir að láta ferja sig yfir Hvítá, eða hlaupa á jökum að vetrarlagi.

Það er sögð saga af Brynjólfi Pétursyni presti á Ólafsvöllum: Iðumenn voru að ferja hann yfir að Skálholti og það var íshröngl á ánni og heldur leiðinlegt færi. Þegar yfir kom var karlinn spurður hvort hann hefði ekki orðið hræddur. – Ojú, svaraði hann. – Baðstu þá ekki til Guðs? – Jú, en bara einu sinni, það þýðir ekkert að nauða í honum, sagði klerkur.

Það má nefna að við bjuggum framan af við þau hlunnindi að mega veiða lax í net í Hvítá. Svo lagðist það nú af vegna leti og ómennsku okkar, auk þess sem veiðifélagið var á móti þessu. En þetta var ansi gaman meðan á því stóð. Við lögðum okkur ekki í neina hættu, Gylfi datt að vísu einu sinni í ána en hann bjargaðist. Við lentum í ýmsum smáævintýrum, eins og að festa bílinn og þurfa að ganga til byggða. Stundum settu björgunarsveitir undir okkur sleða þegar færi var erfitt. Það gerðist ýmislegt og sumt þannig að um það má ekki ræða. En við vorum bara sælir.

Það eru drjúgir spottar í héraðinu því að það eru 40 kílómetrar upp að Sogi og

einnig upp að Gullfossi og austur í Þjórsárdal. Samt höfum við komið á allfesta ef ekki alla bæi í uppsveitum Árnessýslu á þessum tíma, vorum búnir að sinna börnum og foreldrum, öfum og jafnvel langöfum í sumum tilvikum.

Hvað tekur við?

– Nú eru breyttir tímar, verður ekki erfitt að fá ungt fólk til að taka við af ykkur?

– Jú, stöðin verður hugsanlega rekin áfram með málaliðum og kannski fást einhverjir sérvitringar til að taka við henni. Það er bara ekki í tísku núna að vera bundinn við vinnuna. Það þarf vinnu handa maka, félagsumhverfi barnanna þarf að vera við hæfi, tónskólar og þess háttar.

Pétur bætir því við að þegar hann var að alast upp hafi hann vanist því að fjölskyldan hefði bara einn heimilislækni.

– Með tímanum breyttist það, einrykjalæknar þóttu afturúr í öllu og rétt að reka heilsugæsluþjónustu með þverfaglegri samvinnu. Nú er komið svo að læknar eru óánægðir í þessari þverfaglegu þjónustu og vilja komast aftur í að verða sjálfum sér nægir og reka þetta á eigin vegum. En einhvers staðar hlýtur nú að finnast ein-

hver millivegur á milli einrykjustarfsins og samvinnunnar.

– Er ekki hættu á að ef ekki gengur að fá lækna muni þjónustan flytjast niður á Selfoss?

– Jú, til hvers er verið að leggja vegi og byggja brýr ef ekki má nota samlegðina af því? En þá tapar maður náðinni og það er viss lærdómur í því að þekkja fólkið. Þegar þú hefur komið heim til þess veistu meira um það og hvernig það býr og hefur það. Maður er kannski með þessu fólki í gönguhópi eða læonsklúbbi og þekkir ýmsar hliðar á því, ekki bara einhvern með bakverk, segja þeir.

Sælir í sveitinni

– Var ekki reynt að halda í ykkur?

– Jú, loksins þegar við fengum að fara héldu þeir okkur mikla veislu og við erum að sjálfsögðu bisperrtir og montnir yfir því! Þetta gladdi okkur mikið, enda vissum við ekki að þjónusta okkar hefði verið svona mikils metin. Auðvitað blandast þessu einhver óvissa um framtíðina ef hingað koma bara einhverjir fermingar-drengir. En það venst nú. Við missum þó ekki alveg tengslin því við fengum smápart af jörðinni á leigu undir bústaði og erum þar mestallt sumarið.

Það fer vel um þá í Garðabæ og Kópavogi, en hvað tekur nú við? Pétur ætlar að vinna í forgjöfinni í golfi, spila brids og báðir segjast stunda stunda líkamsrækt og sinna barnabörnum.

– Við vorum sælir í sveitinni, en hvort við vorum farsælir verða aðrir að segja til um. Einn sveitunginn benti okkur þó á að þegar við komum hafi verið tveir læknar og fimm prestar í héraðinu. Nú eru tveir læknar en bara tveir prestar svo það hefur snarminnkað annríkið hjá þeim, segja þeir félagar og brosa út í annað.